



16. fundur Umhverfis- og skipulagsnefndar Langanesbyggðar haldinn föstudaginn 01.04.2016 klukkan 12:00.

Mætt voru: Jósteynn Hermundsson, Reimar Sigurjónsson, Aðalbjörn Arnarsson, Karl Ásberg Steinsson, Oddur Skúlason og Elías Pétursson sem ritaði fundargerð.

Formaður bauð fundarmenn velkomna, setti fundinn og spurði hvort einhver gerði athugasemd við fundarboð. Svo var ekki.

Dagskrá fundar:

1. Byggingarleyfisumsókn – Hafnarvegur 2-6–stækkun á mjöhlúsi

Um er að ræða stækkun á mjöhlúsi Ísfélagsins við Hafnarveg 2-6 á Þórshöfn. Við austurvegg mjöhlúss hefur verið reist skýli yfir þurrkara. Þar sem mjölgeymslur eru takmarkaðar hefur skýlið verið endurhannað til samræmis við reglugerð um byggingar. Með umsókn eru lagðar fram endurgerðar teikningar af verksmiðju félagsins við Hafnarveg 2-6, land nr. 154663.

Bókun:

Nefndin gerir fyrir sitt leiti ekki athugasemdir við að byggingafulltrúi afgreiði erindið að fenginni jákvæðri umsögn hafnarnefndar og þegar fullnægjandi gögn liggja fyrir.

Samþykkt samhljóða.

2. Byggingarleyfisumsókn – Hafnarvegur 4-6 – breytingar á þaki

Sótt er um byggingarleyfi vegna fyrirhugaðra breytinga á þaki mjöhlúss Ísfélagsins að Hafnarvegi 4-6. Breytingarnar eru samkvæmt framlögðum uppdrætti.

Bókun:

Nefndin gerir fyrir sitt leiti ekki athugasemdir við að byggingafulltrúi afgreiði erindið að fenginni jákvæðri umsögn hafnarnefndar og þegar fullnægjandi gögn liggja fyrir.

Samþykkt samhljóða.

3. Byggingarleyfisumsókn – Austurvegur 6 – breyting viðbyggingu

Sótt er um leyfi til að breyta viðbyggingu að Austurvegi 6 (neðri hæð) og sólpalli í samræmi við framlögð drög að teikningum.

Bókun:

Nefndin tekur ekki afstöðu til erindisins fyrr en að aflokinni grenndarkynningu. Grennd telst vera Austurvegur 2, 4, 8, 10 og Miðholti 1 til 7.

Samþykkt samhljóða.

4. Stöðuleyfisumsókn – Fjarðarvegur 43 – 20 feta gámur

Sótt er um stöðuleyfi fyrir einn 20 feta gám, að Fjarðarvegi 43, frá 10. apríl 2016 til 10. september 2016 í samræmi við framlagða teikningu.

Bókun:

LANGANESBYGGÐ



Nefndin leggur til að sveitarstjórn samþykki erindið.

Samþykkt samhljóða

5. Stækkun lóðar og leyfi til viðbyggingar – kynning

Sveitarstjóri kynnti málið.

Óskað hefur verið eftir stækkun lóðar við hús fyrirtækisins Hróðgeir Hvíti ehf. að Hafnargötu 2a, vegna fyrirhugaðrar viðbyggingar við húsið. Sveitarstjóri upplýsti að búið væri að gera drög að lóðarblaði.

Sveitarstjóra falið að vinna málið áfram.

6. Önnur mál

Liður 1. Hvað viltu sjá í þínu nærumhverfi.

Í nóvember 2014 var gerð könnun undir stjórn þáverandi formanns Atvinnu-, menningar- og ferðamálanefndar og þáverandi formanns Umhverfis- og skipulagsnefndar. Könnunin var framkvæmd með þeim hætti að blöð með korti af þéttbýliskjörnum byggðarlagsins voru send í hús í sveitarfélaginu og þess óskað að íbúar kæmu með tillögur að umhverfisúrbótum og ábendingar um það sem betur mætti fara í umhverfi íbúa.

Sveitarstjóra falið að greina könnunina og leggja þá greiningu fyrir nefndina.

Liður 2. Hamstrahjól

Umræður fóru fram, ákveðið að óska umsagnar til þess bærra aðila varðandi útfærslu leiktækisins með tilliti til öryggis þeirra er nota. Sveitarstjóra falið að vinna málið áfram í samræmi við umræður á fundinum.

Liður 3. Gróðursetning í Langanesbyggð

Umræður fóru fram. Nefndin telur að ekki sé ástæða til aukinnar gróðursetningar nema til komi áætlun um hönnun, framkvæmd og hirðingu.

Liður 4. Loftgæði í húsnæði sveitarfélagsins

Sveitarstjóri fór yfir mál er varða ástand húsnæðis í eigu sveitarfélagsins, sérstaklega voru rædd húsnæði Grunnskólans á Þórshöfn, íþróttahúss og Naust.

Fleira ekki gert, fundargerð upplesin og fundi slitið kl. 13.30.